

2004080036
1400; 9310

Vegagerðin
b.t. Hilmar Finnsson, deildarstjóri
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. desember 2004
/--

Efni: Krýsuvíkurvegur milli Hraunhellu og Hamraness, Hafnarfjarðarbæ. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar dags. 25. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt færsla Krýsuvíkurvegar milli Hraunhellu og Hamraness í Hafnarfjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirliti ts Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 22. desember 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. desember 2004, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 14. desember 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. desember 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá Hafnarfjarðarbæ og Vegagerðinni með bréfum dags. 8., 14., 20. og 22. desember 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé færsla Krýsuvíkurvegar á 2ja km kafla milli Hraunhellu og Hamraness allt að 450 m til vesturs. Uppbygging umhverfis núverandi Krýsuvíkurveg hafi leitt til þess að vegurinn gegni ekki lengur hlutverki sínu sem tengivegur og nauðsynlegt sé að færa hann fjær íbúðarbyggð. Gert sé ráð fyrir að vegarkaflinn verði fjögurra akreina stofnvegur skv. vegflokki A2, hönnunarhraði vegarins verði 90 km/klst og umferð um veginn verði um 20.000 bifreiðar á sólarhring. Ljóst sé að umferð verði minni til að byrja með og því muni vestari akbrautin verða lögð fyrst skv. vegflokki B1, þar sem ein akrein verði í hvora átt. Ráðgert sé að tenging vegarins verði með hringtorgi við iðnaðarsvæðið við Hraunhellu og að tveir möguleikar á

tengingu við núverandi Krýsuvíkurveg við Hamranes komi til greina. Fram kemur að heildarefnisþörf vegna framkvæmdarinnar sé um 51.000 m³, áætlað sé að um 27.000 m³ af efni komi úr skeringum sem notað verði í fyllingar og um 24.000 m³ verði líklega sóttir í opnar námur í Vatnsskarði eða Undirhlíðum. Svæði sem raskist vegna framkvæmdarinnar verði jafnað út og sléttað og sáð verði í það með tegundum sem Landgræðsla ríkisins mæli með. Fram kemur að hraunið sem fyrirhugaður vegur muni liggja um hafi verið raskað á stóru svæði og skipulagsáætlanir geri ráð fyrir frekari útþennslu byggðar austan vegarins þannig að vegarstæðið komi til með að liggja eftir mjóu belti milli tveggja hverfa.

Áhrif á hljóðvist. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að skv. reglugerð um hávaða megi hljóðstig ekki fara yfir 55 dB í íbúðarbyggð og 70 dB á iðnaðarsvæðum. Niðurstöður hljóðútreikninga sem byggðu á hámarksuferð fyrirhugaðs vegar þ.e. um 52.000 bifreiðar á dag, gefi til kynna að hljóðstig í fyrirhugaðri íbúðarbyggð austan vegarins verði 50-55 dB. Tekið sé fram að sá umferðarþungi sem notaður hafi verið til grundvallar útreikningunum sé líklega talsvert meiri en búast megi við á veginum. Í ljósi þess sé nær fullvíst að hljóðstig í fyrirhugaðri íbúðarbyggð austan vegarins verði lægra en niðurstöður útreikninga gefi til kynna, en ef annað komi í ljós verði gripið til mótvægisáðgerða s.s. gerð hljóðmana. Fram kemur að hljóðstig á iðnaðarsvæðinu vestan fyrirhugaðs vegar muni ekki verða yfir 70 dB.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í fyrirhuguðu vegarstæði séu nokkrir skreiðarhjallar sem gert sé ráð fyrir að verðir teknir niður. Að öðru leyti sé vegarstæðið á óbyggðu og ónýttu svæði og ekki von á öðrum áhrifum á landnotkun.

Áhrif á náttúrufar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaður vegur muni liggja yfir helluhraun, sem njóti sérstakrar verndar. Í ljósi þess hversu miklu af hrauninu umhverfis vegarstæðið hafi verið raskað og hve slétt það sé, telji framkvæmdaraðili verndargildi hraunsins lítið. Fram kemur að engin vatnsból, vatnsverndarsvæði, ár eða lækir séu í nágrenni fyrirhugaðs vegarstæðis og telji framkvæmdaraðilar hættu vegna mengunar frá ökutækjum tiltölulega litla vegna þess hve gljúpt hraunið sé og þynningaráhrif mikil. Í framlögðum gögnum kemur fram að hraunið sé mosavaxið en ekki sé talið að gróður sem hafi mikið verndargildi verði fyrir raski vegna framkvæmdarinnar. Ekki sé talið að fuglalíf á framkvæmdasvæðinu sé fjölbreytt og í ljósi þess og nálægðar vegarstæðisins við iðnaðarsvæði og íbúðabyggð telji framkvæmdaraðili ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd trufla fuglalíf svo nokkru nemi.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi farið fram á og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Þrjár fornminjar með talsvert minjagildi og fjórar með lítið minjagildi hafi fundist í nágrenni fyrirhugaðs vegarstæðis, en engar í sjálfu vegarstæðinu. Ólíklegt sé talið að nokkur fornminjanna raskist vegna framkvæmdarinnar, en lagt sé til að þær verði vandlega merktar og afmarkaðar. Ef til þess komi að raska þurfi fornleifum, verði sótt um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins og farið eftir þeim skilyrðum sem embættið setji.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð lega Krýsuvíkurvegur sé um 200 m vestar en fram kemur í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 og hafi tillaga að breytingu á aðalskipulagi til samræmis fyrirhugaðri legu vegarins verið auglýst.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að lagning Krýsuvíkurvegur frá Hraunhelli að Hamranesi muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á náttúruvarnir. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um náttúruvernd njóti eldhraun sérstakrar verndar og forðast skuli röskun þeirra eins og kostur sé. Fyrirhuguð veglagning muni liggja yfir hluta Hvaleyrarhrauns, helluhrauns sem rann eftir ísaldarlok. Hraunbreiðunni hafi talsvert verið raskað með byggingarframkvæmdum og megi telja að við það hafi verndargildi hraunsins raskast talsvert. Umhverfisstofnun telji mikilvægt að skeringum vegna framkvæmdarinnar verði haldið í lágmarki og við hönnun á fláa skeringa ætti að miða við að mosi nái sem fyrst að nema þar land fremur en við kennisnið og fari stofnunin fram á að haft verði samráð við hana um hönnun skeringa. Fram kemur að ekki sé talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að skerða sjaldgæf gróðurlendi og sé víðar í Hvaleyrar- og Kapelluhrauni að finna sambærilegar gróðurlendur.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við umsögn Umhverfisstofnunar.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé útreiknað hljóðstig í fyrirhugaðri íbúðarbyggð austan vegar á bilinu 50-55 dB. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 933/1999 og viðauka hennar séu leiðbeiningarmörk fyrir nýbyggingarsvæði 45 dB sem er 5-10 dB undir reiknuðu hljóðstigi á svæðinu. Samkvæmt staðfestu aðalskipulagi sé gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði milli fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar og Krýsuvíkurvegur. Verði verslunarhúsnæði byggð á undan íbúðarbyggð gætu þau lækkað hljóðstig við íbúðarbyggðina en þó sé æskilegt að halda þeim möguleika opnum að settar verði upp hljóðmanir ef þörf verði á.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við umsögn Umhverfisstofnunar.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að nokkur óvissa virðist ríkja um hver raunveruleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði á einstaka fornleifar þó stefnt sé að því að engin þeirra raskist. Af þeim sökum fari Fornleifavernd ríkisins fram á að samráð verði haft við stofnunina um merkingu fornleifanna og endanlegt mat á því hvort unnt verður að koma í veg fyrir röskun þeirra.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við ábendingar Fornleifaverndar ríkisins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða færslu Krýsuvíkurvegar milli Hraunhelli og Hamraness í Hafnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum muni áhrif framkvæmdarinnar einkum verða á hraunið sem vegurinn mun liggja um. Ljóst er að hrauninu hefur nú þegar verið raskað nokkuð en Skipulagsstofnun telur að draga megi úr raski vegna framkvæmdarinnar á náttúrufar með góðum frágangi á framkvæmdarsvæðinu. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að framkvæmdaraðili verði í samráði við stofnunina um hönnun skeringa. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að framkvæmdaraðili verði í samráði við stofnunina um merkingu fornleifa í nágrenni framkvæmdasvæðisins og við endanlegt mat á því hvort að hægt verði að koma í veg fyrir röskun þeirra en röskun fornleifa er háð leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að farið verði að ákvæðum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Þannig verði leitast við að uppfylla leiðbeiningarmörk samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar og tryggt að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum. Stofnunin telur að auk þeirra aðgerða sem framkvæmdaraðilar hafa bent á þá eigi að vera unnt að haga skipulagi hverfisins þannig að atvinnuhúsnæði myndi hljóðtálma í því skyni að tryggja viðunandi hljóðvist í íbúðarbyggð. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt rask né veruleg áhrif á náttúrufar, menningarminjar eða hljóðvist verði fylgt þeirri framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til og framangreindum ábendingum Skipulagsstofnunar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð færsla Krýsuvíkurvegar á 2ja km kafla milli Hraunhelli og Hamraness sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og eru í samræmi við auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2005.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 31. janúar 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnun.